

61. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn 18. desember 2008, kl. 17:00.

Formaður bæjarráðs, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:
 - a) Stjórnar SSNV frá 8. desember 2008
 - b) Skólanefndar Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra frá 18. nóvember 2008
 2. Fjárhagsáætlun 2009
 3. Skólamáltíðir
 4. Bréf frá Veiðifélagi Laxár í Ásum dags. 16. desember 2008
 5. Bréf frá Vinnumarkaðsráði Norðurlands vestra dags. 19. nóvember 2008
 6. Bréf frá Vilko ehf. dags. 12. desember 2008
 7. Bréf frá EBÍ dags. 12. desember 2008
 8. Bréf frá ÍSÍ dags. 5. desember 2008
 9. Bréf frá Sturla Böðvarssyni 1. þm. Norðv.kjördæmis dags. 2. desember 2008
 10. Bréf frá Samgönguráðuneytinu dags. 10. desember 2008
 11. Bréf frá Samgönguráðuneytingu dags. 17. desember 2008
 12. Bréf frá Ámundakinn ehf. dags. 10. desember 2008
 13. Erindi frá Samkórnum Björk dags. 20. nóvember 2008
 14. Erindi frá Snorraverkefni dags. 25. nóvember 2008
 15. Erindi frá Stígamótum dags. 28. nóvember 2008
 16. Samningur við Blöndu ehf.
 17. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

Formaður bæjarráðs óskar eftir því að liðir 4-16 verði afgreiddir á undan lið 2 og 3.

Bæjarráð samþykkir

1. Fundargerðir:
 - a) Stjórnar SSNV frá 8. desember 2008
Lögð fram til kynningar
 - b) Skólanefndar Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra frá 18. nóvember 2008
Lögð fram til kynningar

4. Bréf frá Veiðifélagi Laxár í Ásum dags. 16. desember 2008

Boðað er til fundar í Veiðifélagi Laxár á Ásum mánudaginn 29. desember 2008 kl. 14:00 í fundarsal Samstöðu að Þverbraut 1 Blönduósi. Fundarefni er lækkun leigugjalds fyrir árið 2009 vegna fjármálakreppunnar.

Bæjarráð samþykkir að formaður sæki fundinn.

5. Bréf frá Vinnumarkaðsráði Norðurlands vestra dags. 19. nóvember 2008

Á fundi Vinnumarkaðsráðs Norðurlands vestra sem haldinn var á Skagaströnd þann 17. nóvember sl. var rætt um atvinnuástandið á Norðurlandi vestra og horfur á auknu atvinnuleysi vegna ástands í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Lagt fram til kynningar

6. Bréf frá Vilko ehf. dags. 12. desember 2008

Stjórn Vilko ehf. hefur ákveðið að bjóða hlutafé að nafnvirði 5.063.306.- til sölu til hluthafa félagsins.

Bæjarráð hafnar erindinu.

7. Bréf frá EBÍ dags. 12. desember 2008

Bréfið er upplýsingabréf um áhrif fjármálakreppu á félagið. Í því kemur fram að umtalsverðir fjármunir hafa tapast.

Bæjarráð ræddi málið og lýsti vonbrigðum með þá fjármuni sem tapast hafa.

8. Bréf frá ÍSÍ dags. 5. desember 2008

Í bréfinu er vitnað til 36. samráðsfundar Ungmennafélags Íslands þar sem samþykkt var að hvetja sveitarstjórnir til að standa vörð um íþrótt- og æskulýðsstarf í landinu á viðsjárverðum tímum.

Bréfið lagt fram til kynningar og erindinu vísað til Æskulýðs- og tómsfundanefndar.

9. Bréf frá Sturlu Böðvarssyni 1. þm. Norðv.kjördæmis dags. 2. desember 2008

Í framhaldi af fundi þingmanna Nv. kjördæmis með fulltrúum sveitarstjórna 19. nóvember sl. ritaði Sturla bréf í nafni þingmanna kjördæmisins til hlutaðeigandi ráðherra og kynnti þau mál sem til umræðu voru á fundinum og lagði áherslu á að þau fengju ásættanlega lausn.

Lagt fram til kynningar.

10. Bréf frá Samgönguráðuneytinu dags. 10. desember 2008

Í bréfinu kemur fram að ráðuneytið mun veita fresti til afgreiðslu fjárhagsáætlana sveitarfélaga verði eftir því leitað. Í bréfinu kemur einnig fram að mikilvægt sé að tryggja útgjalda- og rekstrarheimildir þar til fjárhagsáætlun hefur hlotið formlegt samþykki.

Bæjarráð samþykkti að óska heimildar til að fresta afgreiðslu fjárhagsáætlunar til 31. janúar 2009 og bókaði jafnframt heimild til reksturs sveitarfélagsins á þeim forsendum sem gilt hafa um rekstur þess á árinu 2008.

11. Bréf frá Samgönguráðuneytingu dags. 17. desember 2008

Vakin er athygli á því fyrir Alþingi liggur fyrir frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Samkvæmt frumvarpinu verður hámarksútsvar hækkað um 0,25 prósentustig eða úr 13,03% í 13,28%. Sveitarfélög hafa frest til 30. desember 2008 til að taka ákvörðun hver verður útsvarsálagning ársins 2009 og sömuleiðis að tilkynna það til fjármálaráðuneytisins.

Bæjarstjóra falið að tilkynna útsvarsálagninguna fyrir árið 2009 fyrir tilgreindan frest.

12. Bréf frá Ámundakinn ehf. dags. 10. desember 2008

Með bréfinu er gerð grein fyrir aðalfundi Ámundakinnar sem haldinn var 16. maí sl. og að ákveðið hafi verið að greiða hluthöfum 1% arð. Í ljósi yfirstandandi efnahagsfárviðris sem valdi miklum hækkunum á lánaskuldbindingum félagsins hefur stjórn Ámundakinnar samþykkt að að bjóða hluthöfum að fá arð sinn greiddan með hlutabréfum í félaginu á genginu 1,1 í stað greiðslu með peningum.

Bæjarráð samþykkir að Ámundakinn greiði Blönduóssbæ arð í hlutafé.

13. Erindi frá Samkórnum Björk dags. 20. nóvember 2008

Lagt fram til kynningar.

14. Erindi frá Snorraverkefni dags. 25. nóvember 2008

Í bréfinu er verkefnið kynnt og boðið að sveitarfélagið verði þátttakandi í því.

Bréfið lagt fram til kynningar og ekki áhugi fyrir þátttöku.

15. Erindi frá Stígamótum dags. 28. nóvember 2008

Bréfið er til kynningar á stafsemi og stöðu Stígamóta og jafnframt óskað eftir að sveitarfélög styðji við rekstur samtakanna.

Bæjarráð hafnar styrkumsókninni að þessu sinni.

16. Samningur við Blöndu ehf.

Bæjarstjóri kynnti samningsdrög við Blöndu ehf. um rekstur tjaldsvæðis í Brautarhvammi.

Bæjarráð samþykkir samninginn og felur bæjarstjóra að undirrita samninginn.

2. Fjárhagsáætlun 2009

Ef hækkað álagningarhlutfall útsvars verður heimilað eins og mælt er fyrir um í frumvarpi til fjárlaga samþykkir bæjarráð að álagningarhlutfall í sveitarfélaginu árið 2009 verði hámarksútsvar samkvæmt fyrirbyggjandi tillögu 13,28%.

Bæjarráð samþykkir að hækka húsaleigu á íbúðum í eigu Blönduóssbæjar um 15%. Hækkunin tekur gildi 1. janúar 2009.

3. Skólamáltíðir

Bæjarstjóri kynnti þau tilboð sem bárust í skólamáltíðir. Tvö tilboð bárust. Lægstbjóðandi var Blöndubýggð ehf.

Bæjarstjóra falið að ganga til samninga við Blöndubýggð ehf. um skólamáltíðir og um leigu á húsnæði.

17. Önnur mál

Valbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi mætti á fundinn til að greina frá stöðu stofnunarinnar.

Valbjörn víkur af fundi

Ályktun bæjarráðs vegna niðurskurðar á tillögum Norðvesturnefndar.

„Bæjarráð Blönduóssbæjar lýsir yfir miklum vonbrigðum með tillögu ríkisstjórnarinnar við aðra umræðu um fjárlög 2009 að skera niður framlög vegna tveggja sérfræðistarfa á Blönduósi sem fram komu í tillögu Norðvesturnefndar og samþykkt var af ríkisstjórn Íslands fyrr á þessu ári. Bæjarráð skorar á ríkisstjórn og Alþingi að staðið verði við þau fyrirheit sem gefin voru vegna langvarandi samdráttar og neikvæðs hagvaxtar á Norðurlandi vestra.“

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 19:00

Arnar Þór Sævarsson(sign.)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson(sign.)

Héðinn Sigurðsson(sign.)

Ágúst Þór Bragason(sign.)

Áheyrnarfulltrúi:

Þórdís Hjálmarsdóttir (sign.)